

1874.

26. maí.

tilheyrandi fylgiskjölum og uppdrætti, og höfum vjer lagt tødum embættismönnum fyrir, að vísa erfiðismönnum *Klents's* á byggingarstæði, og svo þegar til þess komi gæta þess, að þeir byggi húsin samkvæmt samningnum og skili þeim af sér í tilbærilegu standi.

27. maí.

40. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 26. þ. m. að veita stúdentum á prestaskólanum Jóni Halldórssyni og Steingrími Jónssyni leyfi til að láta vígjast til prests, jafnskjótt og þeir í águstm. þ. á. hafi tekið burtfararpróf við tødan skóla, þótt þeir eigi þá sè 25 ára að aldri.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtíð það, skal því við bætt, að leyfisbrèfin verða send með næstu póstskeipsferð.

27. maí.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á dómkirkjunni í Reykjavík.

Í brèfi, dagsettu 15. dag nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, leidd athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að dómkirkjan í Reykjavík sè mjög af sér gengin, og stungið uppá, að stjórnarráðið leiti álits reyndra manna um, hvernig hagfelldast væri að koma við aðgjörð á kirkjunni og hvort þá mætti stækka hana.

Eptir að stjórnarráðið hafði leitað álita timburmeistara *Klents's* um þetta efni, hefir hann látið í ljósi, að hann geti eigi gjört nokkra uppástungu í þessu tilliti eða áætlun um kostnað-